

## Fundargerð 13. stjórnarfundar starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 3. febrúar 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson (fram til 18:40). Einnig sátu fundinn Unnur Sigurðardóttir verkefnastjóri sambandsins og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Forföll tilkynntu: Hannes Strange, Benóný Jónsson.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 12. fundar lögð fram og samþykkt.
2. Yfirdómarar á mót vetrarins – lagður fram listi frá Tækninefnd:
  - 2.1. Mí 15-22 ára, 29.-30. jan. sl. Sigurður Haraldsson.
  - 2.2. Mí aðalhluti, 5.-6. febr.: Þorsteinn Þorsteinsson.
  - 2.3. Mí fjölþrautum og öldunga, 12.-13. febr.: Þorsteinn Þorsteinsson.
  - 2.4. Bikarkeppni FRÍ 19. febr.: Birgir Guðjónsson.
3. Fundir og ráðstefnur.
  - 3.1. EAA félagaráðstefna, 1. – 3. apríl nk. FRÍ á rétt á tveimur fulltrúum. Ákveðið að Benóný Jónsson sækir ráðstefnuna sem fulltrúi stjórnar og að formaður ræði við fulltrúa annarra félaga að höfðu samráði við EAA.
  - 3.2. 70. íþróttþing 8.- 9. apríl nk. – Fjöldi fulltrúa FRÍ er fimm, m.v. 5.348 iðkendum, þar af voru fjórir kosnir á síðasta þingi. Eftir er að ganga frá tilnefningu fulltrúa stjórnar og varamönnum.
  - 3.3. Norðurlandþing 8. apríl nk. Ákveðið að framkvæmdastjóri sækir fundinn.
  - 3.4. Þing EAA 16. apríl nk. Ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri sækir fundinn.
  - 3.5. Þing IAAF 27.- 28. ágúst nk. Ákvörðun frestað.
4. Félagaskipti.
  - 4.1. Borgþór Ingvarsson, úr UFA, (ÍBA), yfir í ÍR (ÍBR). Varð löglegur 20. jan. 2011.
  - 4.2. Snævar Már Gestsson, úr Umf. Glóa í UFA. Verður löglegur 5. febr. 2011.
5. Önnur mál.
  - 5.1. Reykjavík International Games (RIG) 15. jan. nk. Formaður gerði grein fyrir fundi framkvæmdanefndar 26. janúar sl. og lagði til að fundur yrði haldinn með formönnum deildanna í Reykjavík og FÍRR, áður en rætt yrði við ÍBR um framhaldið.
  - 5.2. Heimsókn Bill Glad, fulltrúa EAA, 28. jan. til 1. febr. sl. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundum hans með fulltrúum sambandsaðila og íþróttamanna og með ÍBR og loks ÍSÍ ásamt deildarstjóra íþróttamála í mennta- og menningamálaráðuneytinu.
  - 5.3. Úthlutunir úr afrekssjóði. Yfirlit um nýafstaðna úthlutun úr afrekssjóði lögð fram. Frjálsar halda sínum hlut í þeirri úthlutun, en heildarumfang hefur dregist saman.
  - 5.4. Umsóknir til Ólympíufjölskyldunnar. Lagt fram. Þar kemur fram að sótt er um styrk til æfingatíma í Laugardalshöll og Fifunni árdegis fyrir afrekshópa FRÍ auk landsliðsverkefna.
  - 5.5. Boðun og þátttaka í Bikarkeppni FRÍ innanhúss. Ákveðið að Benóný Jónsson verði mótstjóri. Framkvæmdastjóra falinn boðun og undirbúningur keppinnar í samráði við mótstjóra.

- 5.6. Æfingaaðstaða fyrir afreksfólk. Samþykkt að FRÍ beiti sér fyrir því að íþróttafólki í afrekshópum FRÍ fái aðgang að sérhæfðri æfingaaðstöðu í Laugardalshöll og í Fífunni á morgnanna. Ræða þarf við ÍBR og ÍTR um málið og hlutaðeigandi yfirvöld í Kópavogi. Framkvæmdastjóra falið að vinna að þessu máli í samvinnu við formann.
  - 5.7. Skólaláritpraut FRÍ 2011. Minnisblað framkvæmdastjóra um skólaláritprautina lagt fram. Ákveðið að leita samráðs við sambandsaðila um mögulega niðurfellingu þessarar keppni, þar sem álitamál er um ávinning af henni m.v. tilkostnað og í ljósi þess að fjölmörg félög og sambönd skipuleggja sjálf keppni í grunnskólum innan sinna svæða og „Kids Athletics“ er ætlað að ná til grunnskólabarna líka.
  - 5.8. Tilkypping um unglíngalandsmót UMFÍ, 29. – 31. júlí 2011. Lagt fram.
  - 5.9. Uppskeruhátíð, afhending viðurkenninga f. 2010. Formaður og Unnur mun sinna undirbúningi þessa verkefnis. Stefnt að hátíðinni 13. mars nk.
  - 5.10. Fréttáflutningur á heimasíðu FRÍ. Formanni falið að koma með tillögur um forgangsöröðun umfjöllunar um mót á vegum FRÍ og önnur mót á heimasíðu FRÍ í samræmi við umræður fundarins. Einnig rætt um að skipa sérstaka nefnd sem fer yfir innsent efni frá sambandsaðilum og framkvæmdaaðilum móta.
  - 5.11. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 3. mars nk. kl 17.
6. Undirbúningur aukabings 26. febr. nk.
    - 6.1. Þátttaka í alþjóðlegum mótum. Lagt fram yfirlit vegna áætlaðs kostnaðar við þátttöku í alþjóðlegum mótum á árinu. Samtals kostnaður er áætlaður um 12,5 m.kr. Til frádráttar koma endurgreiðslur og styrkir, metnir á um 2-3 m.kr. Ljóst er að sambandið hefur ekki þennan pening. Einnig voru fundarmenn sammála umað ekki yrði aukið við skuldir sambandsins.
    - 6.2. Fjárhagsleg samskipti við sambandsaðila. Formaður ræddi möguleika á e.k. þjónustugjöldum frá sambandsaðilum eða iðkendum. Formanni veitt umboð stjórnar til að reifa málið á aukabinginu og að koma með nánari tillögur um útfærslu í samræmi við umræður fundarins.
    - 6.3. Íþróttabing 8. og 9. apríl nk. Tillögu um val fulltrúa, annarra en þeirra sem getið er í lið 3. að ofan, vísað til formanns. Einnig rætt um málefnalegan undirbúning fyrir þingið.
    - 6.4. Staðfesting á reglugerðabreytingum vegna aldursflokka. Lagt fram yfirlit frá formanni laganeftar um þær breytingar sem gera þarf að reglugerðum sambandsins vegna ákvörðunar síðasta frjálsíþróttabings um að samræma aldursflokka hinu alþjóðlega umhverfi. Samþykkt að óska eftir því við laganeftar að reglugerðirnar verði frágengnar og kynntar á aukabinginu til staðfestingar. Einnig var samþykkt að leggja til svohljóðandi breytingu á reglugerð um skráningargjöld á mót: *Skráningargjald er kr. 1.250 á grein í flokki 18 ára og eldri.*
    - 6.5. Samþykkt að þingið hefjist að lokinni keppni á fyrri degi Meistaramóts 11-14 ára. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá dagskrá og boðun þingsins í samræmi við lög FRÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:40.

Jónas Egilsson.